

# **Breiðablik**

**Reglur og leiðbeiningar um bókhald og meðferð fjármuna.**

**30. apríl 1999**

## Efnisyfirlit:

|                                                                  |    |
|------------------------------------------------------------------|----|
| 1. INNGANGUR.....                                                | 3  |
| 2. REKSTUR ÍÐRÓTTAFÉLAGA.....                                    | 4  |
| 3. BÓKHALD BREIÐABLIKS.....                                      | 5  |
| 3.1 VERKASKIPTING MILLI DEILDA OG BÓKHALDSÞJÓNUSTU Í SMÁRA ..... | 5  |
| 3.2 FRÁGANGUR FYLGISKJALA TIL BÓKUNAR.....                       | 5  |
| 3.3 TEKJU- OG GJALDAFÆRSLUR .....                                | 6  |
| 3.4 EIGNA- OG SKULDAFÆRSLUR .....                                | 6  |
| 4. REGLUR UM SKIL Á FJÁRMUNUM OG SKÝRSLUM.....                   | 7  |
| 4.1 HIÐ OPINBERA: .....                                          | 7  |
| 4.2 AÐRIR AÐILAR: .....                                          | 7  |
| 5. UPPGJÖR OG ENDURSKOÐUN: .....                                 | 9  |
| 6. ÁÆTLANIR OG EFTIRLIT: .....                                   | 10 |
| 7. MEÐFERÐ SAMNINGA OG SKULDBINDINGA .....                       | 11 |
| 8. ÁBYRGÐ OG VERKSVIÐ.....                                       | 12 |
| VIÐAUKI A: REIKNINGALYKILL BREIÐABLIKS .....                     | 13 |
| VIÐAUKI B - UPPGJÖRSEYÐUBLAÐ VEGNA BÓKHALDS.....                 | 19 |
| VIÐAUKI C - GÖGN VEGNA UPPGÖRS OG ÁÆTLANA .....                  | 23 |
| VIÐAUKI D - REGLUGERÐ ÍSÍ OG UMFÍ UM BÓKHALD .....               | 25 |
| VIÐAUKI E - LEIÐBEININGAR FYRIR GJALDKERA OG BÓKARA. ....        | 26 |
| VIÐAUKI F - BÓKHALDSHANDBÓK ÍSÍ.....                             | 27 |

## 1. Inngangur

Mikil umræða hefur verið um fjármál íþróttafélaga á undanförunum árum. Umræðan hefur einkennst annars vegar af kröfum skattayfirvalda til íþróttafélaga um markvissari vinnubrögð í bókhaldsmálum og uppgjöri á opinberum gjöldum og hins vegar af óviðunandi afkomu margra félaga.

Breiðablik hefur reynt að taka mið af þessari umræðu og á nokkrum undanförunum árum unnið að því að vera til fyrirmyndar í þessum efnum. Má í því sambandi nefna kaup á tölvubúnaði og bókhaldshugbúnaði, ráðningu sérstaks bókara og samstarf við löggiltan endurskoðanda.

Þá hefur jafnframt verið rætt, ekki síst innan félagsins, um hver ábyrgð stjórnarmanna er á fjárskuldbindingum, taprekstri og ófullnægjandi skilum.

Stjórnir einstakra deilda verða á hverjum tíma að bera ábyrgð á rekstri deilda sinna og tryggja að útgjöld séu í samræmi við tekjur. Ef illa fer er margt sem bendir til að það sé aðalstjórn félagsins sem á endanum ber ábyrgð, það sýna bæði okkar eigin dæmi svo og bréf frá ríkisskattstjóra til ÍSÍ 28. janúar 1993 (sjá kafla 1.2 í viðauka F) það er því ekki óeðlilegt að gerð sé krafa um að aðalstjórn hafi heildaryfirsýn á fjárhagsstöðu félagsins á hverjum tíma og hún sé aðgengileg.

Á aðalfundi félagsins 1997 voru samþykkt ný lög fyrir félagið, sem voru afrakstur vinnuhóps sem fór ofan í kjölinn á uppbyggingu yfirstjórnar félagsins, þ.m.t. fjármálum.

Í 7. grein laganna stendur m.a: **“Aðalstjórn setur reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna, hefur eftirlit með fjárhag deilda og annarra starfseininga félagsins og gerir samstæðureikning fyrir félagið, sem endurskoðaður er og áritaður af löggiltum endurskoðanda.”**

Í kjölfar samþykktar laganna ákvað aðalstjórn að skipa vinnuhóp sem skyldi útfæra reglur og leiðbeiningar um bókhald og meðferð fjármuna félagsins og einstakra deilda þess. Í vinnuhópnum sátu Ingi Þór Hermannsson, Kristján Jónatansson, Atli Þórsson, Þorsteinn Hilmarsson og Páll Þór Ármann.

Handbók þessi er afrakstur þeirrar vinnu, þar sem tillit hefur verið tekið til þess sem að ofan er rakið.

## 2. Rekstur íþróttafélaga

Rekstur félags eins og Breiðabliks er margbrotinn og umfangsmikill. Margir koma að störfum, nefndir og ráð vinna fyrir mismunandi hópa og fjármunum er aflað og varið til margs konar verkefna.

Þó svo að íþróttafélög séu ekki framtalsskyld og greiði ekki tekju- og eignarskatt, ber þeim að færa bókhald og standa skil á ýmsum gjöldum og skilafé.

Almennt má segja að íþróttafélög séu undanþegin reglum, sem gilda um virðisaukaskatt. Þó eru undantekningar frá því og segja má að sú starfsemi sem telja má til samkeppnisrekstrar og er utan hefðbundinnar starfsemi íþróttafélaga sé virðisaukaskattsskyld. Í því sambandi má nefna ýmsa sölustarfsemi, s.s. á auglýsingum, veitingum og ýmsum vörum. Í þessum tilvikum verður að innheimta og greiða virðisaukaskatt af sölustarfseminni en á móti má draga frá virðisaukaskatt af keyptum aðföngum sem notuð eru.

Greiða skal tryggingargjald af launum launþega og mótframlagi í lífeyrissjóði auk þess sem halda þarf eftir og standa skil á staðgreiðslu launamanna.

Í kafla 4 á bls. 7 má sjá nánari upplýsingar um skil á fjármunum og skýrslum.

Bókhald félagsins nær til allra þátta í starfseminni og gildir einu hvort talað er um meistaraflokka eða starf við barna- og unglingaíþróttir.

Nauðsynlegt er að rekstur nái yfir eftirtalda þætti:

- Innheimtu og skil æfingagjalda
- Tekjur af miðasölu
- Tekjur og gjöld af sælgætissölu, veitingasölu o. þ.h.
- Dómarakostnað
- Greiðslur til sérsambanda
- Æfinga- og keppnisferðir, barna, unglinga sem og fullorðinna
- Tekjur og gjöld vegna reksturs mannvirkja
- Fjárafánir vegna tiltekinna verkefna sem renna til reksturs deilda að hluta eða öllu leyti.
- Tekjur og gjöld vegna útgáfustarfsemi
- Laun starfsmanna og verktakagreiðslur vegna aðkeyptrar þjónustu

Beinar fjárafánir iðkenda eða foreldra sem renna beint til iðkendanna sjálfra telst ekki hluti af bókhaldi félagsins. Gangi slík fjáröflun beint til félagsins fellur það að sjálfsögðu undir bókhald þess.

### 3. Bókhald Breiðabliks

Samþykktir Íþrótt- og ólympíusambands Íslands gera kröfur til félagsins um að sundurliða tekjur og gjöld vegna starfseminnar í tvo megin flokka, eldri og yngri iðkendur, þ.e. meistaraflokka annars vegar og barna- og unglingastarf hins vegar.

Bókhaldskerfi félagsins er vel í stakk búið að mæta þessum kröfum auk þess sem hægt er að sundurliða enn frekar tekjur og gjöld á einstök verkefni, t.d. vegna fjáröflunar eða keppnisferða svo dæmi séu tekin.

Allt bókhald deilda skal fært í bókhaldskerfi félagsins og í þessum kafla er fjallað um hvernig vinnu við bókhald skuli háttað.

#### 3.1 Verkaskipting milli deilda og bókhaldsþjónustu í Smára

Til þess að einfalda deildum bókhaldsvinnu og tryggja að bókhaldsmál félagsins séu eins og best verður á kosið hefur félagið ráðið bókara í hlutastarf og er starfi hans stýrt af framkvæmdastjóra félagsins. Deildir skulu nýta sér starfskrafta bókarans sem annast eftirfarandi verkefni:

- Bóka fylgiskjöl, stemma af fjárhagsbók, viðskiptamenn og lánardrottna.
- Afhenda gögn til deilda, sem sýna stöðu deildarinnar fyrir hvern mánuð.
- Útbúa milliuppgjör, starfsuppgjör og ársuppgjör í samstarfi við deildir.
- Sjá til þess að upplýsingar og skýrslur vegna greiðslu á opinberum gjöldum og VSK, sbr. kafla 4, liggi fyrir á tilskildum tíma.
- Færa inn áætlanir og breytingar í bókhaldskerfið til samanburðar við rauntölur.
- Gerð reikninga vegna auglýsinga- og styrktarsamninga,

**Hlutverk deilda í tengslum við bókhald og fjármál er eftirfarandi:**

- Staðfesta fylgiskjöl með áritun og skila þeim til bókarar hjá bókara, þ.m.t. uppgjörsskýrslum.
- Skrá óskir um sundurliðanir í bókhaldi, s.s. vegna verkefna, á fylgiskjöl.
- Greiðsla á opinberum gjöldum sem og öðrum skuldum.
- Innheimta á æfinga- og félagsgjöldum.
- Gerð fjárhags- og rekstraráætlana, sbr. kafla 6.

#### 3.2 Frágangur fylgiskjala til bókarar

Áskilið er að fylgiskjöl séu staðfest af tveim fulltrúum deildarinnar, annars vegar af þeim aðila sem ber ábyrgð á viðkomandi verkefni / útgjöldum og hins vegar af gjaldkera eða formanni deildarinnar.

Til þess að vinna við bókhaldið gangi sem best og verði það stjórnþæki sem því er ætlað er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga:

- Árituðum fylgiskjölum skal skilað til bókarar eins fljótt og kostur er, eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði og í síðasta lagi 15 dögum eftir lok þess mánaðar sem stofnað var til útgjalda eða tekjur mynduðust. Miða skal við að allt að 15 dagar geti liðið frá því að gögnum er skilað til bókarar þar til yfirlit geti legið fyrir.
- Auk venjulegra fylgiskjala er nauðsynlegt að skila mánaðarlega eftirfarandi:
  - nýjum bankayfirlitum allra bankareikninga
  - notuðum ávísanaheftum
  - afritum af styrktar- og auglýsingareikningum
  - yfirlitum frá lánardrottnum
  - öllum aðsendum bréfum sem tengjast skuldum deildarinnar.
- Gögnum skal skila til bókarar, til framkvæmdastjóra, eða í þar til gerðan póstkassa í Smáranum.

- Nauðsynlegt er að láta uppgjörseyðublöð fylgja með innleggskvittunum frá banka. Nánari upplýsingar hjá bókara.
- Fylgiskjöl skal merkja með ávísanaheftisnúmeri og númeri ávísunar.
- Ef deild vill halda sérstaklega utan um einhvern tiltekinn atburð, t.d. mót, skemmtun, eða námskeið, þarf að merkja þau fylgiskjöl sérstaklega sem tilheyra viðkomandi atburði. Nánari upplýsingar hjá bókara.

### **3.3 Tekju- og gjaldafærslur**

Æfinga- og félagsgjöld skulu ekki tekjufærast fyrr en þau hafa verið greidd og í þeim mánuði þegar greiðsla fer fram. Það sama á við þó svo að öðrum aðila sé falin innheimta á gjöldunum, tekjur skulu fyrst færast þegar greiðsla berst. Í því tilfalli skulu tekjur færast að fullu en innheimtupóknun á móti til gjalda.

Gjöld sem innheimt eru með VISA/EURO samningum skulu tekju- og eignfærð þegar samningar hafa verið gerðir og millifærast á bankareikning þegar greiðsla berst.

Æskilegt er að við starfsuppgjör fylgi listi yfir óinnheimt æfingargjöld til glöggvunar.

Tekjur af samningum, s.s. vegna leikmannasölu, auglýsinga og styrkja skal færa þegar reikningur vegna þessara viðskipta eða hluta þeirra er gerður, ekki þegar samningurinn er gerður. Samningurinn sem slíkur er því ekki tekjufærður.

Að öðru jöfnu skal tekjufæra við innlögn á bankareikninga eða í sjóð.

Allur almennur rekstrarkostnaður skal gjaldfærast þegar til hans er stofnað og reikningur berst. Reikningar skulu í öllum tilfellum bókaðir þegar þeir berast en ekki við greiðslu.

Greiðslur á grundvelli samninga við leikmenn skal gjaldfæra í bókhald, þegar greiðsla er innt af hendi samkvæmt samningnum. Hvatagreiðslur samkvæmt samningum skal færa um leið og upphæð greiðslanna liggur fyrir og eigi síðar en í lok hvers mánaðar. Markmiðið er að kostnaður sé færður þegar til hans er stofnað.

Að öðru leiti vísast til handbókar ÍSÍ um bókhaldsmál í viðauka F.

### **3.4 Eign- og skuldfærslur**

Meðferð fastafjármuna, s.s. bifreiða og fasteigna, skal fylgja lögum um bókhald og góðri reikningsskilavenju. Nánari upplýsingar eru veittar af framkvæmdastjóra/bókara.

Við kaup á lausafjármunum, s.s. búningasettum, tækjum til æfingaiðkana og skrifstofubúnaði, heimilar aðalstjórn Breiðabliks deildum að eignfæra kaup ef upphæð viðskiptanna fer yfir viðmiðunarmörk Ríkisskattstjóra um gjald- eða eignfærslur, í desember 1998 kr. 119.508. Að öðrum kosti skal gjaldfæra kaupin.

Lausafjármuni skal í flestum tilfellum afskrifa að fullu á eigi lengri tíma en þremur árum.

Allar nánari upplýsingar um eign- og skuldfærslur eru veittar af bókara. Athygli er vakin á því að reglur Breiðabliks í þessum efnum taka ekki mið af handbók ÍSÍ.

## 4. Reglur um skil á fjármunum og skýrslum

Upplýsingar í kafla þessum miðast við reglur og ákvarðanir ríkisskattstjóra sem gilda frá 1.1. 1999. Nauðsynlegt er að leita upplýsinga á hverjum tíma um breytingar.

Athygli er vakin á því að skrifstofa félagsins veitir deildum, framkvæmdastjórum eða gjaldkerum þeirra aðstoð við frágang skjala sem hér eru nefnd. **Viðkomandi deild ber ábyrgð á skilafé og upplýsingagjöf til yfirvalda.**

### 4.1 Hið opinbera:

#### Virðisaukaskattur:

Virðisaukaskattur reiknast af veltu sem flokkast til samkeppnisreksturs, sjá kafla 2. Skattskyldur aðili innheimtir virðisaukaskatt (útskatt) af allri sölu tengdri þeim rekstri, en við skil á skattinum er dreginn frá sá skattur (innskattur) sem hann hefur greitt vegna kaupa á aðföngum og kostnaði sem fellur til við öflun þessara tekna. Virðisaukaskattur er í tveimur þrepum 24,5% og 14%. Hvert uppgjörstímabil er tveir mánuðir, (t.d. jan.feb.) og eindagi 35 dögum síðar, (þ.e. 5. apríl.) Ef ekki er greitt á eindaga reiknast álag 1% af vangreiddri fjárhæð fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%. Skattinum skal skila á þar til gerðum eyðublöðum sem ríkisskattstjóri sendir til þeirra sem hafa virkt virðisaukaskattsnúmer.

#### Staðgreiðsla launamanna:

Staðgreiðsluskattur reiknast sem 37,73% af heildarlaunum að frádregnum persónuafslætti kr. 28.321.- per. mán. Staðgreiðsla barna undir 16 ára er 6%. Stofn til greiðslu er heildarlaun að frádregnu 4% framlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð. Launagreiðandi er ábyrgur fyrir skilum. Gjalddagi er 15. næsta mánaðar eftir launamánuð þ.e. staðgreiðslu vegna janúarlauna skal skila 15. febrúar. Við upphaf launagreiðslna skal senda inn tilkynningu til skattstjóra. Skila þarf skilagreinum inn þótt engin laun séu greidd í mánuðinum.

#### Tryggingargjald:

Tryggingargjald reiknast 5,73% af heildarlaunum, móttframlagi í lífeyrissjóð og bifreiðastyrk launþega. Tryggingagjald greiðist með staðgreiðslusköttum.

#### Launamiðar:

Samkvæmt skattalögum er launagreiðanda skylt að afhenda skattayfirvöldum launamiða og launaframtal ár hvert. Launamiðum skal skila fyrir xx janúar ár hvert. Fyrir almenna launþega eru heildarlaun, frádregin staðgreiðsla og lífeyrissjóður sett í viðeigandi reiti. Ef um verktaka er að ræða eru heildarlaun (með vsk ef um það er að ræða) sett í reitt 06.

### 4.2 Aðrir aðilar:

#### Félags-, orlofs-, félagsheimila- og sjúkrasjóður:

Hér á eftir er miðað við % sem gildir hjá VR, en % geta verið mismunandi eftir stéttarfélögum. Félagsgjöld reiknast sem 1% af heildarlaunum og eru dregin af launþega. Önnur gjöld til stéttarfélaga sjúkrasjóður 1%, orlofsheimilasjóður 0,25% og félagsheimilasjóður 0,25%, greiðast af launagreiðanda. Ofangreind iðgjöld falla í eindaga síðasta dag næsta mánaðar eftir launagreiðslu. Dráttarvextir reiknast af greiðslum sem berast eftir eindaga.

#### Lífeyrissjóður:

Af heildarlaunum dregst 4% sem framlag launþega í lífeyrissjóð og á móti greiða atvinnurekendur 7%. Eindagi er sá sami og í kaflanum hér að ofan. Launþegar geta greitt allt að 4% til viðbótar og leggur atvinnurekandi 0,2% á móti.

**Vakin er sérstök athygli á því að framkvæmdastjóri deildar og/eða stjórnarmenn bera persónulega ábyrgð á skilum á öllu framangreindu vörslufé.**

Verktakar:

Hér að ofan hefur verið fjallað um skil á gjöldum vegna almennra launþega. Verktaki sér hinsvegar sjálfur um skil á öllum opinberum gjöldum s.s. staðgreiðslu, tryggingargjaldi og greiðslum á gjöldum til sjóða og félaga.



## 5. Uppgjör og endurskoðun:

Reikningsár Breiðabliks er almanaksárið og skulu uppgjör allra deilda og rekstrareininga miðast við það. Vegna ákvæða í lögum félagsins um að löggiltur endurskoðandi annist endurskoðun ársreikninga þess, sem er samstæðureikningur aðalstjórnar og allra annarra rekstrareininga, skal framkvæma ársuppgjör í öllum rekstrareiningum félagsins fyrir hvert almanaksár. Ársreikningur skal vera á samræmdu formi vegna gerðar samstæðureiknings. Endurskoðun og áritun ársreikninga félagsins er því aðeins framkvæmanleg að bókhald og ársreikningar einstakra deilda hafi einnig verið endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

Á aðalfundi deilda, sem halda skal innan tveggja mánaða frá lokum starfstímabils, skal leggja fram endurskoðaðan ársreikning næstliðins árs til samþykktar. Þá skulu deildir einnig framkvæma starfsuppgjör í tengslum við aðalfundi sína, hafi þær valið annað uppgjörstímabil en almanaksárið, og skal þá miða uppgjörstímabil við starfsár deilda. Lok uppgjörstímabils skulu þá vera annað hvort 30. apríl eða 30. september ár hvert. Starfsuppgjör ásamt fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár skulu liggja fyrir þegar boðað er til aðalfundar og á sama tíma lögð fram til áritunar af skoðunarmönnum félagsins.

Uppgjör eru unnin af framkvæmdastjóra/bókara í samráði við deildastjórnir og skal í þeim greina í sundur a.m.k. rekstur meistaraflokka annars vegar og barna- og unglingastarf hins vegar.

Uppgjör samkvæmt framanskráðu skal framkvæma vegna ársins 1999 og leggja fyrir aðalfundi deilda á því ári og félagsins á árinu 2000.

## 6. Áætlanir og eftirlit:

Á aðalfundi deildar skal fráfarandi stjórn leggja fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár sem tilgreinir hvernig tekjum á komandi starfstímabili verði aflað og hvernig þeim eigi að ráðstafa. Ný stjórn skal yfirfara og endurskoða þá áætlun og skila til framkvæmdastjóra félagsins innan mánaðar frá aðalfundi. Fjárhagsáætlanir skulu settar fram á samræmdu formi fyrir allar deildir félagsins og þeim skipt upp í ársfjórðungsleg tímabil. Fjárhagsáætlun skal fylgt eftir í rekstri eins og kostur er og skulu þær bornar saman við rauntölur ársfjórðungslega og endurskoðaðar fyrir það tímabil sem eftir lifir af starfsári, og skal áætlun lögð fram eigi síðar en 15 dögum frá byrjun hvers ársfjórðungs (15.jan., 15.apríl, 15.júlí og 15. okt.).

Framkvæmdastjóri félagsins, fyrir hönd aðalstjórnar, hefur eftirlit með gerð og framlagningu fjárhagsáætlana allra deilda félagsins enda eru framlagðar fjárhagsáætlanir háðar samþykki aðalstjórnar.

Gjaldkeri félagsins og framkvæmdastjóri skulu yfirfara fjárhagsáætlanir, bera saman við rekstur og gefa stjórn viðkomandi deildar og aðalstjórn álit á stöðu mála.

Ef um er að ræða veruleg frávik í fjárhagsáætlun, miðað við niðurstöðu rekstrar síðasta starfsárs, þegar hún er lögð fram, skal greinargerð sem skýrir frávik fylgja áætluninni. Þá er einnig æskilegt að forsendur fyrir framsetningu helstu stærða í áætlunum fylgi.

Í viðauka C er að finna samræmt form fjárhagsáætlana.

## 7. Meðferð samninga og skuldbindinga

Allir samningar fyrir hönd félagsins eða deilda þess skulu vera skriflegir. Undir þetta falla m.a. allir samningar við leikmenn, þjálfara og aðra starfsmenn, auglýsinga-samningar hvers konar ásamt hvers konar samningum sem fela í sér fjárhagslega skuldbindingu fyrir félagið.

Alla skriflega samninga félagsins og deilda þess skal skrá hjá framkvæmdastjóra. Þar skal skrá dagsetningu samnings, hvaða deild gerir samninginn, hverjir samþykkja fyrir hönd félagsins/deildar, við hvern samningurinn er gerður, yfir hvaða tímabil hann nær og verðgildi samningsins. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með skránni.

Ábyrgð og varðveisla skriflegra samninga er hjá hverri deild og skal vera með þeim hætti að framkvæmdastjórn geti fylgt eftir nauðsynlegu eftirliti með því að öllum skilyrðum um skráningu, meðhöndlun og efndum sé fullnægt.

### Heimildir til fjárhagslegra skuldbindinga í nafni félagsins.

Allar skuldbindingar sem fara yfir 5% af áætlaðri ársveltu deildar eða eru að verðgildi kr. 500.000,- eða hærri, skal leggja fyrir framkvæmdastjórn, sem getur óskað frekari skýringa ef þörf þykir. Ef um verulegar skuldbindingar er að ræða (umfram 20% af áætlaðri ársveltu deildar eða 1.000.000,-, eftir því hvor upphæðin er hærri) þarf samþykki framkvæmdastjórnar.

Félaginu og deildum þess er óheimilt að ráða til sín íþróttamenn, þjálfara og starfsmenn gegn endurgjaldi í hvaða formi sem er yfir kr. 360.000,- að verðgildi á ársgrundvelli nema með samþykki framkvæmdastjórnar.

Ábyrgð á gerð hvers konar ráðningarsamninga og annarra skuldbindinga hvílir ávallt á þeirri deild sem samninginn gerir. Heimild framkvæmdastjórnar eða aðalstjórnar til skuldbindingar samkvæmt ofangreindu undanskilur deildina ekki þeirri ábyrgð sem í samningnum felst.

## 8. Ábyrgð og verksvið

Í þessum kafla er í stuttu máli dregin fram ábyrgð og verksvið stjórnarmanna og starfsmanna er varðar bókhald og meðferð fjármuna.

### Aðalstjórn:

- Umsjón með að reglum um bókhald og meðferð fjármuna sé fylgt.
- Eftirlit með áætlunum deilda og rekstri.
- Skráning fjárhagslega skuldbindandi samninga og samþykkt þeirra sbr. kafla 7.

### Stjórn deildar:

- Gerð fjárhagsáætlana og endurskoðun þeirra ársfjórðungslega.
- Áritun (staðfesting) reikninga.
- Greiðsla á opinberum gjöldum, s.s. virðisaukaskatti, og öðrum skuldum.
- Innheimta æfingagjalda og annarra tekna.
- Gerð reikninga s.s. vegna styrktar- og auglýsingasamninga.
- Skil á fylgiskjöllum og bókhaldsgögnum til bókara.
- Varsla peningalegra eigna.

### Umsjónarmenn flokka / verkefna:

- Útfylling uppgjörslaðs og skil ásamt fylgiskjöllum til gjaldkera viðkomandi deildar.
- Áritun (staðfesting) reikninga.

### Bókari:

- Bókun reikninga í bókhald og afstemmingar.
- Útbýr fylgiskjöl vegna opinberra gjalda, s.s. vegna virðisaukaskatts.
- Útbýr ársuppgjör og milliuppgjör deilda og félagsins í heild.
- Sendir deildum upplýsingar um stöðu.

## Viðauki A: Reikningalykill Breiðabliks

| <b>10000 TEKJUR:</b>                                | <b>Frá-tala</b>     |
|-----------------------------------------------------|---------------------|
| <b>11000 Framlög og styrkir</b>                     | <b>Frá-tala</b>     |
| 11100 Styrkir ÍSÍ                                   | Reikningur          |
| 11200 Styrkir UMFÍ                                  | Reikningur          |
| 11300 Lottó                                         | Reikningur          |
| 11400 Getraunir                                     | Reikningur          |
| <b>11500 Styrkir bæjarfélag</b>                     | <b>Frá-tala</b>     |
| 11510 Húsaleigustyrkir                              | Reikningur          |
| 11520 Ferðastyrkir                                  | Reikningur          |
| .....                                               | Reikningur          |
| <b>11599 Styrkir bæjarfélag alls</b>                | <b>Til-tala</b>     |
| <b>11600 Styrkir héraðss./lípróttabandalag</b>      | <b>Frá-tala</b>     |
| 11610 Húsaleigustyrkir                              | Reikningur          |
| 11620 Ferðastyrkir                                  | Reikningur          |
| .....                                               | Reikningur          |
| <b>11699 Styrkir héraðss./lípróttabandalag alls</b> | <b>Til-tala</b>     |
| <b>11700 Styrkir aðalstjórn</b>                     | <b>Frá-tala</b>     |
| 11710 Húsaleigustyrkir                              | Reikningur          |
| 11720 Ferðastyrkir                                  | Reikningur          |
| .....                                               | Reikningur          |
| <b>11999 Styrkir aðalstjórn alls</b>                | <b>Til-tala</b>     |
| <b>12000 Aðrir styrktaraðilar</b>                   | <b>Frá-tala</b>     |
| 12100 Ýmis fyrirtæki                                | Reikningur          |
| .....                                               | Reikningur          |
| <b>14998 Aðrir styrktaraðilar alls</b>              | <b>Til-tala</b>     |
| <b>14999 Framlög og styrkir alls</b>                | <b>Til-tala</b>     |
| <b>15000 Tekjur af mótum</b>                        | <b>Frá-tala</b>     |
| 15100 Þátttökugjöld                                 | Reikningur          |
| 15200 Firmakeppnir                                  | Reikningur          |
| 15300 Aðgangseyrir                                  | Reikningur          |
| <b>16000 Aðrar tekjur af mótum</b>                  | <b>Frá-tala</b>     |
| 16100 Sjóvá Almennar                                | Reikningur          |
| 16200 Nissan                                        | Reikningur          |
| 16300 DHL                                           | Reikningur          |
| 16400 Verðlaunafé                                   | Reikningur          |
| .....                                               | Reikningur          |
| <b>16998 Aðrar tekjur af mótum alls</b>             | <b>Til-tala</b>     |
| <b>16999 Tekjur af mótum alls</b>                   | <b>Til-tala</b>     |
| <b>17000 Auglýsingatekjur</b>                       | <b>Frá-tala VSK</b> |
| 17100 Skilti á íþróttavelli                         | Reikningur VSK      |
| 17200 Auglýsingar í leikskrá                        | Reikningur VSK      |
| 17300 Tekjur af flutn. í fjölmiðlum                 | Reikningur VSK      |
| <b>18000 Aðrar auglýsingatekjur</b>                 | <b>Frá-tala VSK</b> |
| .....                                               | Reikningur VSK      |
| <b>19998 Aðrar auglýsingatekjur alls</b>            | <b>Til-tala VSK</b> |
| <b>19999 Auglýsingatekjur alls</b>                  | <b>Til-tala VSK</b> |
| <b>20000 Húsa- og vallarleigutekjur</b>             | <b>Frá-tala</b>     |
| 20100 Húsaleiga                                     | Reikningur          |
| 20200 Vallarleiga                                   | Reikningur          |
| <b>21000 Aðrar leigutekjur</b>                      | <b>Frá-tala</b>     |
| 21100 Flatargjöld                                   | Reikningur          |
| 21200 Lyftukort                                     | Reikningur          |
| .....                                               | Reikningur          |
| <b>21998 Aðrar leigutekjur alls</b>                 | <b>Til-tala</b>     |
| <b>21999 Húsa- og vallarl.tekjur alls</b>           | <b>Til-tala</b>     |

|                                       |                     |
|---------------------------------------|---------------------|
| <b>22000 Aðrar tekjur</b>             | <b>Frá-tala</b>     |
| 22100 Félagsgjöld                     | Reikningur          |
| 22200 Æfingagjöld                     | Reikningur          |
| 22300 Tekjur v/æf.búða,námsk.ofl.     | Reikningur          |
| <b>23000 Vörusala</b>                 | <b>Frá-tala VSK</b> |
| 23100 Sala Búninga                    | Reikningur VSK      |
| 23200 Sjoppa                          | Reikningur VSK      |
| 23300 Flugeldasala                    | Reikningur VSK      |
| 23400 Veitingasala                    | Reikningur VSK      |
| .....                                 | Reikningur VSK      |
| <b>23999 Vörusala alls</b>            | <b>Til-tala VSK</b> |
| <b>24000 Aðrar VSK tekjur</b>         | <b>Frá-tala VSK</b> |
| 24100 Dreifing                        | Reikningur VSK      |
| 24200 Bílþvottur                      | Reikningur VSK      |
| .....                                 | Reikningur VSK      |
| <b>24999 Aðrar VSK tekjur alls</b>    | <b>Til-tala VSK</b> |
| <b>25000 Aðrar tekjur án VSK</b>      | <b>Frá-tala</b>     |
| 25100 Skemmtanir                      | Reikningur          |
| .....                                 |                     |
| <b>29997 Aðrar tekjur án VSK alls</b> | <b>Til-tala</b>     |
| <b>29998 Aðrar tekjur alls</b>        | <b>Til-tala</b>     |
| <b>29999 TEKJUR ALLS:</b>             | <b>Til-tala</b>     |

  

|                                              |                 |
|----------------------------------------------|-----------------|
| <b>30000 GJÖLD:</b>                          | <b>Frá-tala</b> |
| <b>31000 Laun og verktakagreiðslur</b>       | <b>Frá-tala</b> |
| <b>32000 Laun</b>                            | <b>Frá-tala</b> |
| 32100 Laun starfsmanna mannvirkja            | Reikningur      |
| 32200 Laun þjálfara                          | Reikningur      |
| 32300 Laun leikmanna                         | Reikningur      |
| 32400 Aðrar launagreiðslur                   | Reikningur      |
| 32500 Tryggingagjald                         | Reikningur      |
| 32600 Lífeyrissjóður                         | Reikningur      |
| 32700 Orlofs- og sjúkrasjóður                | Reikningur      |
| 32800 Slysátryggingar                        | Reikningur      |
| 32900 Áfallið orlof                          | Reikningur      |
| <b>32999 Laun alls</b>                       | <b>Til-tala</b> |
| <b>33000 Bifreiða- og aðrir styrkir</b>      | <b>Frá-tala</b> |
| 33100 Bifreiðastyrkir starfsmanna mannvirkja | Reikningur      |
| 33200 Bifreiðastyrkir þjálfara               | Reikningur      |
| 33300 Bifreiðastyrkir leikmanna              | Reikningur      |
| 33400 Aðrir bifreiðastyrkir                  | Reikningur      |
| 33500 Dagpeningar                            | Reikningur      |
| 33900 Aðrir styrkir                          | Reikningur      |
| <b>33999 Bifreiða- og aðrir styrkir alls</b> | <b>Til-tala</b> |
| <b>34000 Verktakagreiðslur</b>               | <b>Frá-tala</b> |
| 34100 Verktakagr. starfsmanna mannvirkja     | Reikningur      |
| 34200 Verktakagr. þjálfara                   | Reikningur      |
| 34300 Verktakagr. leikmanna                  | Reikningur      |
| 34900 Aðrar verktakagreiðslur                | Reikningur      |
| <b>34998 Verktakagreiðslur alls</b>          | <b>Til-tala</b> |
| <b>34999 Laun og verktakagreiðslur alls</b>  | <b>Til-tala</b> |
| <b>35000 Styrkir til deilda</b>              | <b>Frá-tala</b> |
| 35100 Lottó                                  | Reikningur      |
| 35200 Getraunir                              | Reikningur      |
| 35300 Húsaleigustyrkir                       | Reikningur      |
| 35400 Ferðastyrkir                           | Reikningur      |
| <b>35999 Styrkir til deilda alls</b>         | <b>Til-tala</b> |

|                                                  |                 |
|--------------------------------------------------|-----------------|
| <b>36000 Félagaskipti og sala leikmanna</b>      | <b>Frá-tala</b> |
| 35100 Sala leikmanna                             | Reikningur      |
| 35200 Kaup leikmanna                             | Reikningur      |
| 35300 Umboðslaun                                 | Reikningur      |
| 35400 Félagaskipti                               | Reikningur      |
| <b>36500 Annar félagaskiptakostnaður</b>         | <b>Frá-tala</b> |
| 36600 Ferðakostnaður                             | Reikningur      |
| 36700 Uppihald                                   | Reikningur      |
| .....                                            | Reikningur      |
| <b>36998 Annar félagaskiptakostnaður alls</b>    | <b>Til-tala</b> |
| <b>36999 Félagaskipti og sala leikmanna alls</b> | <b>Til-tala</b> |

  

|                                 |                 |
|---------------------------------|-----------------|
| <b>37000 Áhöld og tæki</b>      | <b>Frá-tala</b> |
| 37100 Búningar                  | Reikningur      |
| 37200 Íþróttáhöld               | Reikningur      |
| 37300 Skrifstofuhöld            | Reikningur      |
| <b>38000 Önnur áhöld</b>        | <b>Frá-tala</b> |
| .....                           | Reikningur      |
| <b>39998 Önnur áhöld alls</b>   | <b>Til-tala</b> |
| <b>39999 Áhöld og tæki alls</b> | <b>Til-tala</b> |

  

|                                                   |                 |
|---------------------------------------------------|-----------------|
| <b>40000 Þátttaka í mótum</b>                     | <b>Frá-tala</b> |
| <b>41000 Ferðakostnaður innanlands</b>            | <b>Frá-tala</b> |
| 41100 Rútur                                       | Reikningur      |
| 41200 Flug                                        | Reikningur      |
| 41300 Gisting                                     | Reikningur      |
| 41400 Uppihald                                    | Reikningur      |
| <b>41500 Annar ferðakostnaður innanlands</b>      | <b>Frá-tala</b> |
| .....                                             | Reikningur      |
| <b>41998 Annar ferðakostnaður innanlands alls</b> | <b>Til-tala</b> |
| <b>41999 Ferðakostnaður innanlands alls</b>       | <b>Til-tala</b> |
| <b>42000 Ferðakostnaður erlendis</b>              | <b>Frá-tala</b> |
| 42100 Rútur                                       | Reikningur      |
| 42200 Flug                                        | Reikningur      |
| 42300 Gisting                                     | Reikningur      |
| 42400 Uppihald                                    | Reikningur      |
| <b>42500 Annar ferðakostnaður erlendis</b>        | <b>Frá-tala</b> |
| .....                                             | Reikningur      |
| <b>42998 Annar ferðakostnaður erlendis alls</b>   | <b>Til-tala</b> |
| <b>42999 Ferðakostnaður erlendis alls</b>         | <b>Til-tala</b> |
| 43000 Þátttökugjald                               | Reikningur      |
| 43100 Dómgæslugjald                               | Reikningur      |
| 43200 Húsa- eða vallahleiga                       | Reikningur      |
| 43300 Sjúkrakostnaður                             | Reikningur      |
| <b>44000 Annarþáttökukostnaður</b>                | <b>Frá-tala</b> |
| .....                                             | Reikningur      |
| <b>44998 Annar þáttökukostnaður alls</b>          | <b>Til-tala</b> |
| <b>44999 Þátttaka í mótum alls</b>                | <b>Til-tala</b> |

  

|                                         |                   |
|-----------------------------------------|-------------------|
| <b>45000 Kostnaður v/mótahalds</b>      | <b>Frá-tala</b>   |
| 45100 Verðlaunapeningar                 | Reikningur        |
| 45200 Dómgæsla                          | Reikningur        |
| 45300 Húsa- eða vallahleiga             | Reikningur        |
| <b>46000 Annar mótahaldskostnaður</b>   | <b>Reikningur</b> |
| .....                                   | Reikningur        |
| <b>47998 Annar mótahaldskostnaður</b>   | <b>Reikningur</b> |
| <b>47999 Kostnaður v/mótahalds alls</b> | <b>Til-tala</b>   |

|                                                                                                                     |                 |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------|
| <b>48000 Rekstur mannvirkja</b>                                                                                     | <b>Frá-tala</b> |
| 48100 Húsaleiga (sbr 11700)                                                                                         | Reikningur      |
| <b>48200 Rekstur Mannvirkis (hvert mannvirki)</b>                                                                   | <b>Frá-tala</b> |
| 48210 Tryggingar                                                                                                    | Reikningur      |
| 48220 Rafmagn                                                                                                       | Reikningur      |
| 48230 Hiti                                                                                                          | Reikningur      |
| 48240 Viðhald                                                                                                       | Reikningur      |
| <b>48400 Annar rekstarkosnaður</b>                                                                                  | <b>Frá-tala</b> |
| .....                                                                                                               | Reikningur      |
| <b>48498 Annar rekstarkosnaður</b>                                                                                  | <b>Til-tala</b> |
| <b>48499 Rekstur mannvirkis alls</b>                                                                                | <b>Til-tala</b> |
| <b>48500 Rekstur Mannvirkis (mannvirki 2)</b>                                                                       | <b>Frá-tala</b> |
| 48510 Tryggingar                                                                                                    | Reikningur      |
| 48520 Rafmagn                                                                                                       | Reikningur      |
| 48530 Hiti                                                                                                          | Reikningur      |
| 48540 Viðhald                                                                                                       | Reikningur      |
| <b>48700 Annar rekstarkosnaður</b>                                                                                  | <b>Frá-tala</b> |
| .....                                                                                                               | Reikningur      |
| <b>48798 Annar rekstarkosnaður</b>                                                                                  | <b>Til-tala</b> |
| <b>48799 Rekstur mannvirkis alls</b>                                                                                | <b>Til-tala</b> |
| Settur upp sami lykklarammi fyrir hvert mannvirki.<br>þannig myndi mannvirki 3 byrja á númeri 48800 og enda á 49199 |                 |
| <b>52999 Rekstur mannvirkja alls</b>                                                                                | <b>Til-tala</b> |
| <b>53000 Rekstur skrifstofu</b>                                                                                     | <b>Frá-tala</b> |
| 53100 Sími                                                                                                          | Reikningur      |
| 53200 Ritföng                                                                                                       | Reikningur      |
| 53400 Prentun                                                                                                       | Reikningur      |
| 53500 Póstkostnaður                                                                                                 | Reikningur      |
| 53600 Funda- og þingkostnaður                                                                                       | Reikningur      |
| 53700 Kaffikostnaður og risna                                                                                       | Reikningur      |
| 53800 Tölvukostnaður                                                                                                | Reikningur      |
| <b>54000 Annar skrifstofukostnaður</b>                                                                              | <b>Frá-tala</b> |
| .....                                                                                                               | Reikningur      |
| <b>55998 Annar skrifstofukostnaður alls</b>                                                                         | <b>Til-tala</b> |
| <b>55999 Rekstur skrifstofu alls</b>                                                                                | <b>Til-tala</b> |
| <b>56000 Kynning, fræðsla og útbreiðsla</b>                                                                         | <b>Frá-tala</b> |
| 56100 Námskeiðsgjöld                                                                                                | Reikningur      |
| 56200 Ferðakostnaður v/námskeiða                                                                                    | Reikningur      |
| 56300 Styrkir                                                                                                       | Reikningur      |
| 56400 Fræðsluefni                                                                                                   | Reikningur      |
| 56500 Fréttabréf                                                                                                    | Reikningur      |
| <b>57000 Nefndakostnaður</b>                                                                                        | <b>Frá-tala</b> |
| 57100 Nefndir                                                                                                       | Reikningur      |
| <b>57999 Nefndakostnaður alls</b>                                                                                   | <b>Til-tala</b> |
| <b>58000 Kosntnaður v/námskeiðshalds</b>                                                                            | <b>Frá-tala</b> |
| 58100 Námskeið                                                                                                      | Reikningur      |
| <b>58999 Kostnaður v/námskeiðshalds alls</b>                                                                        | <b>Til-tala</b> |
| <b>59000 Annar fræðslu- og útbreiðslukostnaður</b>                                                                  | <b>Frá-tala</b> |
| .....                                                                                                               | Reikningur      |
| <b>59998 Annar fræðslu- og útbreiðslukostnaður alls</b>                                                             | <b>Til-tala</b> |
| <b>59999 Kynning, fræðsla og útbr. alls</b>                                                                         | <b>Til-tala</b> |



|                                                         |                     |
|---------------------------------------------------------|---------------------|
| <b>60000 Kostnaður v/samkeppnisreksturs</b>             | <b>Frá-tala VSK</b> |
| <b>61000 Kostnaður v/auglýsingaöflunar</b>              | <b>Frá-tala VSK</b> |
| 61100 Umboðslaun                                        | Reikningur VSK      |
| 61200 Prentun                                           | Reikningur VSK      |
| .....                                                   |                     |
| <b>61999 Kostnaður v/auglýsingaöflunar alls</b>         | <b>Til-tala VSK</b> |
| <b>62000 Kostnaður v/Vörusölu</b>                       | <b>Frá-tala VSK</b> |
| 62100 Kaup á búningum                                   | Reikningur VSK      |
| 62200 Sjoppa                                            | Reikningur VSK      |
| 62300 Flugeldakaup                                      | Reikningur VSK      |
| .....                                                   |                     |
| <b>62999 Kostnaður v/vörusölu alls</b>                  | <b>Til-tala VSK</b> |
| <b>63000 Kostnaður v/annarra VSK skyldra tekna</b>      | <b>Frá-tala VSK</b> |
| 63100 Dreifingakostnaður                                | Reikningur VSK      |
| 63200 Keypt bílabón                                     | Reikningur VSK      |
| .....                                                   | Reikningur VSK      |
| <b>64998 Kostnaður v/annarra VSK skyldra tekna alls</b> | <b>Til-tala VSK</b> |
| <b>64999 Kostnaður v/samkeppnisreksturs alls</b>        | <b>Til-tala VSK</b> |
| <b>65000 Önnur gjöld</b>                                | <b>Frá-tala</b>     |
| 65100 Þjónustugjöld VISA/EURO                           | Reikningur          |
| 65200 Þjónustugjöld banka                               | Reikningur          |
| 65300 Tryggingar                                        | Reikningur          |
| 65400 Verðbreytingafærsla                               | Reikningur          |
| <b>66000 Kostnaður v/skemmtanahalds</b>                 | <b>Frá-tala</b>     |
| .....                                                   | Reikningur          |
| <b>69999 Kostnaður v/skemmtanahalds alls</b>            | <b>Til-tala</b>     |
| <b>70000 Annar kostnaður</b>                            | <b>Frá-tala</b>     |
| .....                                                   | Reikningur          |
| <b>74997 Annar kostnaður alls</b>                       | <b>Til-tala</b>     |
| <b>74998 Önnur gjöld alls</b>                           | <b>Til-tala</b>     |
| <b>74999 REKSTRARGJÖLD ALLS:</b>                        | <b>Til-tala</b>     |
| <b>75000 Hagnaður/tap án fjármagnsliða</b>              | <b>Samtala</b>      |
| <b>76000 Fjármagnsliðir</b>                             | <b>Frá-tala</b>     |
| 76100 Vaxtatekjur                                       | Reikningur          |
| 76200 Vaxtagjöld                                        | Reikningur          |
| 76300 Vaxtagjöld v/langtímalána                         | Reikningur          |
| 76400 Lántökukostnaður                                  | Reikningur          |
| <b>78999 Fjármagnsliðir alls</b>                        | <b>Til-tala</b>     |
| <b>79000 Hagnaður/tap tímabilsins</b>                   | <b>Samtala</b>      |
| <b>80000 Eignir</b>                                     | <b>Frá-tala</b>     |
| <b>81000 Fastafjármunir</b>                             | <b>Frá-tala</b>     |
| <b>82000 Óefnislegar eignir</b>                         | <b>Frá-tala</b>     |
| 82100 Eignfærð leikmannakaup                            | Reikningur          |
| .....                                                   | Reikningur          |
| <b>82999 Óefnislegar eignir alls</b>                    | <b>Til-tala</b>     |
| <b>83000 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>               | <b>Frá-tala</b>     |
| 83100 Fasteignir                                        | Reikningur          |
| 83200 Lóðir                                             | Reikningur          |
| 83300 Fasteignaréttindi                                 | Reikningur          |
| 83400 Bílar                                             | Reikningur          |
| .....                                                   | Reikningur          |
| <b>83999 Varanlegir rekstrarfjármunir alls</b>          | <b>Til-tala</b>     |
| <b>84000 Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>          | <b>Frá-tala</b>     |
| 84100 Lán                                               | Reikningur          |
| 84200 Verðbréf                                          | Reikningur          |
| .....                                                   | Reikningur          |
| <b>84998 Áhættufjármunir og langtímakröfur alls</b>     | <b>Til-tala</b>     |
| <b>84999 Fastafjármunir alls</b>                        | <b>Til-tala</b>     |

|                                    |                 |
|------------------------------------|-----------------|
| <b>85000 Veltufjármunir</b>        | <b>Frá-tala</b> |
| <b>86000 Vörubirgðir</b>           | <b>Frá-tala</b> |
| 86100 Vörur                        | Reikningur      |
| 86200 Fyrirfram greiddar vörur     | Reikningur      |
| .....                              | Reikningur      |
| <b>86999 Vörubirgðir alls</b>      | <b>Til-tala</b> |
| <b>87000 Skammtímaskuldir</b>      | <b>Frá-tala</b> |
| 87100 Viðskiptaskuldir             | Reikningur      |
| 87200 Aðrar skammtímaskuldir       |                 |
| <b>87999 Skammtímaskuldir alls</b> | <b>Til-tala</b> |
| <b>88000 Handbætt fé</b>           | <b>Frá-tala</b> |
| 88100 Sjóður                       | Reikningur      |
| 88200 Tékkareikningur              |                 |
| <b>89997 Handbætt fé alls</b>      | <b>Til-tala</b> |
| <b>89998 Veltufjármunir alls</b>   | <b>Til-tala</b> |
| <b>89999 Eignir alls</b>           | <b>Til-tala</b> |

  

|                                           |                 |
|-------------------------------------------|-----------------|
| <b>90000 Skuldir og eigið fé</b>          | <b>Frá-tala</b> |
| <b>91000 Eigið fé</b>                     | <b>Frá-tala</b> |
| 91100 Óráðstafað eigið fé                 | Reikningur      |
| 91200 Endurmatsreikningur                 | Reikningur      |
| 91300 Tekjuafgangur ársins                | Reikningur      |
| 91500 Styrkir og framlög vegna framkvæmda | Reikningur      |
| <b>91999 Eigið fé alls</b>                | <b>Til-tala</b> |

  

|                                           |                 |
|-------------------------------------------|-----------------|
| <b>92000 Skuldir</b>                      | <b>Frá-tala</b> |
| <b>93000 Langtímaskuldir</b>              | <b>Frá-tala</b> |
| 93100 Skuldabréf                          | Reikningur      |
| .....                                     | Reikningur      |
| <b>94999 Langtímaskuldir alls</b>         | <b>Til-tala</b> |
| <b>95000 Skammtímaskuldir</b>             | <b>Frá-tala</b> |
| <b>95100 Annar rekstarkosnaður</b>        | <b>Frá-tala</b> |
| 95200 Innskattur 24,5%                    | Reikningur      |
| 95250 Innskattur 14,5%                    | Reikningur      |
| 95300 Útskattur 24,5%                     | Reikningur      |
| 95350 Útskattur 14,5%                     | Reikningur      |
| 95400 Uppsafnaður virðisauki              | Reikningur      |
| <b>95499 Annar rekstarkosnaður alls</b>   | <b>Til-tala</b> |
| 95500 Víxlar og skuldabréfalán            | Reikningur      |
| 95600 Skuldir við lánastofnanir           | Reikningur      |
| 95700 Viðskiptaskuldir                    | Reikningur      |
| 95800 Næsta árs afborgun af langtímalánum | Reikningur      |
| 95900 Skattar                             | Reikningur      |
| 96000 Fyrirfram innheimtar tekjur         | Reikningur      |
| <b>99997 Skammtímaskuldir alls</b>        | <b>Til-tala</b> |
| <b>99998 Skuldir alls</b>                 | <b>Til-tala</b> |
| <b>99999 Skuldir og eigið fé alls</b>     |                 |

## Viðauki B - Uppgjörseyðublað vegna bókhalds

## BREIÐABLIK

Dagsetning:

Deild:

Viðburður:

[illegible]

Lögleg fylgiskjöl með öllum færslum skulu fylgja með.

## BREIÐABLIK

Dagsetning: 04.03.1999

Deild: Handknattleiksdeild

Viðburður: S.K. mót 6.fl karla

### sýnishorn

| Tekjur                                         | Upphæð    |
|------------------------------------------------|-----------|
| Mótagjöld                                      | 270.000.- |
| Gisting                                        | 15.000.-  |
| Styrkur ( S.K.)                                | 50.000.-  |
|                                                |           |
|                                                |           |
|                                                |           |
| Samt tekjur:                                   | 335.000.- |
|                                                |           |
| Gjöld                                          |           |
|                                                |           |
| Launakostnaður - Jón Jónsson                   | 25.000.-  |
| Dómarakostnaður                                | 30.000.-  |
| Verðlaunapeningar - Klukkan                    | 31.680.-  |
| Gerð upp mótagjaldsskuld við Fram              | 20.000.-  |
| Boltar - Sparta                                | 4.000.-   |
| Gisting - Gist-inn                             | 13.200.-  |
|                                                |           |
| * Fylgiskjal skal fylgja hverri færslu         |           |
| **Nauðsynlegt er í öllum tilfellum að gera mót |           |
| upp eins og hér er sýnt og afhenda bókara      |           |
|                                                |           |
|                                                |           |
| Samtals gjöld:                                 | 123.880.- |
|                                                |           |
| Innlagt á banka:                               | 211.120.- |
| Eigandi reiknings (flokkur) :                  |           |
| Staðfest: Númi - mótsskjóri                    |           |

Lögleg fylgiskjöl með öllum færslum skulu fylgja með.

# BREIÐABLIK

Dagsetning: 03.03.1999

Deild: Frjálsípróttadeild

Viðburður: Ársuppgjör v/ 4 flokks

**sýnishorn**

| Tekjur                                                                                                             | Upphæð      |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------|
| Saldó á bók flokksins 01.01.1999                                                                                   | 15.100.-    |
| Framlag aðstandenda - fjáraflanir                                                                                  | 110.000.-   |
| Útburður - Kópavogsbær                                                                                             | 310.000.-   |
| Framlag iðkenda - lagt á 24. einkareikninga                                                                        | 115.000.-   |
| Ýmis fyrirtæki - ferðastyrkir                                                                                      | 600.000.-   |
| Samt tekjur:                                                                                                       | 1.150.100.- |
| Gjöld                                                                                                              |             |
| Noregsferð - 24*35.000.-                                                                                           | 840.000.-   |
| AHA mótið á Akureyri                                                                                               | 65.000.-    |
| Ýmsar skemmtanir                                                                                                   | 67.000.-    |
| **Nauðsynlegt er í öllum tilfellum að gera árið upp eins og hér er sýnt- og afhenda stjórn deildar til varðveislu. |             |
| Samtals gjöld:                                                                                                     | 972.000.-   |
| Innlagt á banka:                                                                                                   |             |
| Framlag iðkenda frádregið                                                                                          | - 115.000.- |
| Reikningur nr: 00001 - 4.flokkur 31.12.1999                                                                        | 63.100.-    |
| Staðfest: Flokksstjórn                                                                                             |             |

## BREIÐABLIK

Dagsetning: 04.03.1999

Deild: Knattspyrna

Vegna: Æfingagjöld

**sýnishorn**

| Tekjur                                                                                                       | Upphæð   |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------|
| Páll Pálsson 6.fl karla                                                                                      | 15.000.- |
| Jón Jónsson 5. fl karla                                                                                      | 7.000.-  |
| Jóna Jónsdóttir 4.fl kvenna                                                                                  | 10.000.- |
| Dóra Dóra 7.fl kvenna                                                                                        | 6.000.-  |
|                                                                                                              |          |
|                                                                                                              |          |
| Samt tekjur:                                                                                                 | 38.000.- |
|                                                                                                              |          |
| Gjöld                                                                                                        |          |
|                                                                                                              |          |
| Laun þjálfara v/ flokks .. Númi Númason                                                                      | 38.000.- |
|                                                                                                              |          |
| *Ef æfingagjöld eru lögð inn á bankareikning deildarinnar - skal fylgja innleggskvittun frá banka            |          |
| **Nauðsynlegt er að tilgreina í öllum tilfellum hverjir greiða og í hvaða flokki þeir eru og afhenda bókara. |          |
|                                                                                                              |          |
|                                                                                                              |          |
|                                                                                                              |          |
| Samtals gjöld:                                                                                               | 38.000.- |
|                                                                                                              |          |
| Innlagt á banka:                                                                                             | 0        |
| Eigandi reiknings (flokkur) :                                                                                |          |
| Staðfest: Númi Númason                                                                                       |          |

Lögleg fylgiskjöl með öllum færslum skulu fylgja með.

# Viðauki C - Gögn vegna uppgörs og áætlana

Áætlunarform í smækkaðri mynd. Athygli er vakin á að hægt er að fá formið sem Excel skjál hjá bókara eða framkvæmdastjóra.

|                                       |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          |         |
|---------------------------------------|--------|---------|------|-------|-----|------|------|-------|-----------|---------|----------|----------|---------|
| Deild:                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          |         |
| Tímabil:                              |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          |         |
| TEKJUR                                | janúar | febrúar | mars | april | maí | júní | júlí | ágúst | september | október | nóvember | desember | Samtals |
| <b>Framlög og styrkir</b>             |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Styrkir ISI                           |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Styrkir UMFÍ                          |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Lottó                                 |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Getraunir                             |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annað:                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Styrkir frá Kópavogsbæ</b>         |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Húsaleigustyrkir                      |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Ferðastyrkir                          |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| lækendastyrkir                        |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Almennir styrkir                      |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annað:                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Tekjur af mótum</b>                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Þátttökugjöld                         |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Aðgangseyrir                          |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Verðlaun                              |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annað:                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Auglýsingatekjur (vsk skyldar)</b> |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Skilti á íþróttavelli                 |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Auglýsingar í leikskrá                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Tekjur af flutningi í fjölmíðlum      |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annað:                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Húsa og vallarleigutekjur</b>      |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Húsaleiga                             |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Vallarleiga                           |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Flatargjöld                           |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Lyftukort                             |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annað:                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Aðrar tekjur</b>                   |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Félagsgjöld                           |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Æfingagjöld                           |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Tekjur af æfingabúðum                 |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Tekjur af námskeiðum                  |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annað:                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Vörusala (vsk skyld)</b>           |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Sala búninga                          |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Sjoppusala                            |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Veitingasala                          |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Flugeldasala                          |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annað:                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annað:                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Dreifing (vsk skyld)</b>           |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Pizzur                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Rækjusala                             |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Póstdreifing                          |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Bílaþvottur                           |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Wcpappír                              |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annað:                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annað:                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annað:                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annað:                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Aðrar tekjur</b>                   |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Skemmtanir                            |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Sala leikmanna                        |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annað:                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annað:                                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Samtals tekjur:                       | 0      | 0       | 0    | 0     | 0   | 0    | 0    | 0     | 0         | 0       | 0        | 0        | 0       |

| GJÖLD                                 | janúar | febrúar | mars | apríl | maí | júní | júlí | ágúst | september | október | nóvember | desember | Samtals |
|---------------------------------------|--------|---------|------|-------|-----|------|------|-------|-----------|---------|----------|----------|---------|
| <b>Laun og verktakagreiðslur</b>      |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Laun starfsmanna                      |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Laun þjálfara                         |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Laun leikmanna                        |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Aðrar launagreiðslur                  |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Launatengd gjöld(bókari reiknar)      |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Bifreiða og aðrir styrkir</b>      |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Bifreiðastyрkir starfsmanna           |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Bifreiðastyрkir þjálfara              |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Bifreiðastyрkir leikmanna             |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Aðrir styrkir                         |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Dagpeningar                           |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Verktakagreiðslur</b>              |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Verktakagreiðslur starfsmanna         |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Verktakagreiðslur þjálfara            |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Verktakagreiðslur leikmanna           |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Aðrar verktakagreiðslur               |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Félagaskipti og kaup leikmanna</b> |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Kaup leikmanna                        |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Umboðslaun                            |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Félagaskipti                          |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Ferðakostnaður                        |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Uppihald                              |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Ahöld og tæki</b>                  |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Búningar og íþróttavörur              |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Íþróttahöld                           |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Skrifstofuhöld                        |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Þátttaka í mótum</b>               |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>*Ferðakostnaður innanlands</b>     |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Rútur                                 |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Flug                                  |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Gisting                               |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Uppihald                              |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annar ferðakostnaður innanlands       |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>* Ferðakostnaður erlendis</b>      |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Rútur                                 |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Flug                                  |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Gisting                               |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Uppihald                              |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annar ferðakostnaður erlendis         |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>*Annar þátttökukostnaður</b>       |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Þátttökugjald                         |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Dómgæsla                              |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Húsa eða vallahleiga                  |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Sjúkrakostnaður                       |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annar þátttökukostnaður               |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Kostnaður v/mótahalds</b>          |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Verðlaunapeningar                     |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Dómgæsla                              |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Húsa eða vallahleiga                  |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Filmur og framköllun                  |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Prentun                               |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annar kostnaður                       |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Rekstur mannvirkja</b>             |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Tryggingar                            |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Rafmagn                               |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Hiti                                  |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Viðhald tækja                         |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Viðhald tækja með vsk                 |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| <b>Rekstur skrifstofu</b>             |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Simi                                  |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Ritföng                               |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Prentun                               |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Póstkostnaður                         |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Funda og þingkostnaður                |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Risna                                 |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Tölvukostnaður                        |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |
| Annar skrifstofukostnaður             |        |         |      |       |     |      |      |       |           |         |          |          | 0       |



## Viðauki D - Reglugerð ÍSÍ og UMFÍ um bókhald

### 1. grein

Reglugerð þessi er nánari útfærsla á gildandi bókhaldslögum, skattalögum og lögum um ársreikninga. Reglugerðin tekur til íþróttafélaga, ungmennafélaga, sérsambanda, héraðssambanda og landssamtaka. Í reglugerðinni nefnast þessir aðilar einu nafni félög.

### 2. grein.

Framsetning reikningsskila (ársreiknings) skal vera samkvæmt samþykktum reikningslyklum íþróttahreyfingarinnar. Deildaskipt félög skulu gera reikningsskil þar sem fram koma heildareignir og heildarskuldir aðalstjórnar og allra deilda, auk sérstakra reikningsskila fyrir hverja deild. Aðalstjórn ber ábyrgð á fjármálum félagsins og einstakra deilda.

### 3. grein.

Félög skulu gera fjárhagsáætlun fyrir hvert reikningsár. Í fjárhagsáætlun skal koma fram hvernig fjármunum félagsins skuli ráðstafað og hvernig þeirra skal aflað. Fjárhagsáætlun skal samþykkt á aðalfundi. Í deildaskiptum félögum skulu fjárhagsáætlanir deilda samþykktar af aðalstjórn samanber ábyrgð aðalstjórnar í 2. grein. Aðalstjórn félags skal fylgjast með að fjárhagsáætlanir deilda séu haldnar.

### 4. grein.

Bókhaldsár spannar 12 mánuði. Notast má við styttri eða lengri tíma (aldrei meira en 14 mánuði) á fyrsta starfsári félaga eða ef/þegar tímasetningu bókhaldsársins er breytt. Æskilegt er að bókhaldsár sé almanaksárið þó svo að það sé ekki bundið í lögum.

### 5. grein.

Auk hefðbundinna bókhaldsgagna skulu ofangreind félög færa:  
Félagatal þar sem fram kemur nafn, heimili og kennitala félagsmanna.

### 6. grein.

Varanlega rekstrarfjármuni og lausafé ber að varðveita á sem bestan hátt og gæta skal að því að þessar eignir séu váttryggðar með eðlilegum hætti.

### 7. grein.

Félögum er óheimilt að taka lán með veði í lottótekjum. Einnig er félögum óheimilt að ábyrgjast lán fyrir þriðja aðila.

### 8. grein.

Lántökur félags/deildar eru háðar samþykki aðalstjórnar. Sé þessa ekki gætt getur það leitt til þess að viðkomandi verði persónulega ábyrgur fyrir láninu. Gjaldþaga lána skal getið í ársreikningi.

Á aðalfundi/árspingi skal gera grein fyrir stöðu félags hafi meiriháttar breytingar orðið á fjárhagslegri stöðu á tímabilinu eftir að reikningum var lokað þar til aðalfundur fer fram.

### 9. grein.

Öll gjöld og tekjur sem varða reikningsárið skal færa það ár. Ekki skal þó færa óinnheimt félagsgjöld eða æfingagjöld til tekna nema fyrir liggi á uppgjörssdegi að þau muni innheimtast.

### 10. grein.

Stjórn og framkvæmdastjóri félags skulu árita ársreikninginn. Sömuleiðis skoðunarmenn eða endurskoðendur eftir því sem við á samanber lög um bókhald (32.gr.) og samþykktir viðkomandi félags (félagslög). Ársreikningur skal lagður fram og afgreiddur á aðalfundi.

## Viðauki E - Leiðbeiningar fyrir gjaldkera og bókara.

### 1. gr.

Gjaldkerum og bókurum ber skylda til að kynna sér “Reglugerð ÍSÍ og UMFÍ um bókhald” og “Uppsetning bókhaldslykla íþróttahreyfingarinnar”.

### 2. gr.

Færslur gjalda og tekna á að staðfesta með dagsettum frumritum/fylgiskjöllum, þar sem allar nauðsynlegar upplýsingar koma fram. Formaður skal staðfesta fylgiskjalið eða sá sem til þess hefur umboð. Fylgiskjalið á að töluasetja og skrá reikningsheiti og/eða reikningslykil á það.

Þegar um staðgreiðslu er að ræða skal dagsett staðgreiðslukvittun liggja fyrir.

### 3. gr.

Ýmsar leiðbeiningar:

1. Við hvaða eignum tókst þú? (Eignakönnun/eignaskrá)
2. Geymdu peningalegar eignir í banka.
3. Notaðu tékkareikning fyrir það fé sem notað er í daglegum rekstri.
4. Greiddu allt með ávísun og taktu kvittun. Stílaðu ávísanir ávallt á viðtakanda, ekki handhafa.
5. Fjárhæð ávísunar skal alltaf vera sú sem fram kemur á fylgiskjali (kvittun). Skrifðu ávísanúmer neðst á fylgiskjalið. Skrifðu fjárhæð ávísunarinnar á svuntuna í ávísanaheftinu ásamt viðeigandi upplýsingum.
6. Settu fylgiskjölin í möppu (í ávísanaröð).
7. Leggðu alla innkomu inn í bankann óskerta. Ekki greiða reikninga af innkomu t.d. aðgangseyri, áður en lagt er inn.
8. Skrifðu á innborgunarkvittun skýringu hvaðan peningarnir koma, t.d. “aðgangseyrir á dansleik 17. júní”.

Ef þessi boðorð eru í heiðri höfð má segja að gjaldkeri sé með sitt á hreinu, hvað vinnubrögð varðar. Ekki er sjálfgefið að gjaldkeri færi bókhaldið sjálfur og gangi frá ársreikningi. Það getur verið ágætt að fá til þess bókhaldsfróða menn eða endurskoðendur, það tryggir betra eftirlit. Það er líka aðgengilegt hverjum sem er að færa bókhaldið ef þessi átta boðorð eru virt, en ef svo er ekki getur það reynst þrautin þyngr.

### 4. gr.

Fylgiskjöl skal varðveita á aðgengilegan og öruggan hátt að minnsta kosti í sjö ár.

### 5. gr.

Gjaldkeri/bókhaldari á að stilla bankareikninga af einu sinni á ársfjórðungi minnst og handbært fé einu sinni á mánuði.

### 6. gr.

Óleyfilegt er að leiðrétta færslur. Ef rangt er fært á að bakfæra fyrst röngu færsluna og slá síðan inn rétta færslu.

### 7. gr.

Fylgja skal öllum opinberum ákvæðum um greiðslu skatta og atvinnurekendagjalda. Einnig ber að afhenda allar upplýsingar varðandi launagreiðslur sem farið er fram á.

# Viðauki F - Bókhaldshandbók ÍSÍ

## 1. Almenn

### 1.1 Aðskilnaður fjárreiðu yngri og eldri iðkenda

Á þingi Íþrótt- og Olympíusambands Íslands haustið 1997 var samþykkt að aðskilja í reikningum félaga fjárreiður yngri iðkenda svo og eldri iðkendur.

Við færslu bókhalds ber því að aðskilja rekstur yngri flokka frá rekstri eldri flokka. Þannig að gera megir sérstakan rekstrarreikning fyrir hvorn hóp um sig.

Mælt er með að fjárhagur verði algjörlega aðskilinn, þannig að haldið verði utan um peningastreymi hvors hóps um sig með sér bankareikningi. Í gegnum þann reikning verði síðan allar peningalegar hreyfingar viðkomandi hóps.

Í bókhaldi má koma aðskilnaðinum að með ýmsum hætti t.d. nýta möguleika bókhaldskerfa til deildar- eða verkefnaskiptingu, eða aðskilja bókhöldin algjörlega.

Ef félög ákveða að deildar/verkefnamerkja bókhald sitt, þá fær hver flokkur sitt auðkenni og allar gjalda- og tekjufærslur er tilheyra ákveðnum hóp eru merktar með auðkenni hópsins. Sá hlut tekna eða gjalda sem er sameiginlegur með öllum hópum er ekki merktur sérstaklega.

### 1.2 Ábyrgðarsvið stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Íþróttafélög eru skilgreind sem almenn félög og bera því eingöngu ábyrgð með eigin eignum á skuldbindingum félagsins, enda sé viðsejanda stjórnarmanna fyllilega ljóst að þeir væru í umboði íþróttafélagsins.

Samkvæmt bréfi frá ríkisskattstjóra til ÍSÍ þann 28. janúar 1993, kemur fram :

"Það er álit ríkisskattstjóra að þessi ábyrgð á færslu bókhalds og varðveislu bókhalds og bókhaldsgagna og upplýsingaskyldu til skattayfirvalda **hvíli á aðalstjórn íþróttafélaganna** en ekki á stjórnnum einstakra deilda félaganna. Stjórnir einstakra deilda íþróttafélaga geta að sjálfsögðu borið ábyrgð gagnvart aðalstjórn á sama hátt og hver starfsmaður ber ábyrgð á starfi sínu gagnvart yfirstjórnendum sínum."

Félögum ber að innheimta félagsgjald, lífeyrissjóðsgjald, staðgreiðslu og virðisaukaskatt. Þessum greiðslum ber félaginu að skila af sér til hlutaðeigandi aðila. Það er rík ábyrgð á stjórnendum að standa skil á þessum liðum. Stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar félaga bera **persónulega ábyrgð** á skilum á þessu fé.

### 1.3 Áætlanagerð

Þegar félög huga að framkvæmdum er mikilvægt að stjórnendur geri áætlun um hvernig afla eigi tekna til að greiða fyrir framkvæmdina.

Ekki er nægilegt að setja "óska tölur" á blað, raunhæft mat á því hvernig afla eigi tekna verður að liggja fyrir og ekki síður raunhæf kostnaðaráætlun.

Nauðsynlegt er að bera áætlun reglulega saman við raunverulega áfallinn kostnað og innkomnar tekjur og endurmeta áætlunina í framhaldinu af því.

## 1.4 Almennar leiðbeiningar

### Fylgiskjöl

Færslur gjalda og tekna á að staðfesta með dagsettum frumritum/fylgiskjölum, þar sem allar nauðsynlegar upplýsingar koma fram. Formaður skal staðfesta fylgiskjalið eða sá sem til þess hefur umboð. Fylgiskjalið á að tölusetja og skrá reikningsheiti og/eða reikningslykil á það.

Fylgiskjöl skal varðveita á aðgengilegan og öruggan hátt að minnsta kosti í sjö ár. Þegar um staðgreiðslu er að ræða skal dagsett staðgreiðslukvittun liggja fyrir.

### Ýmsar leiðbeiningar:

1. Við hvaða eignum tókst þú? (Eignakönnun/eignaskrá)
2. Geymdu peningalegar eignir í banka.
3. Notaðu tékkareikning fyrir það fé sem notað er í daglegum rekstri.
4. Greiddu allt með ávísun og taktu kvittun. Stílaðu ávísanir ávallt á viðtakanda, ekki handhafa.
5. Fjárhæð ávísunar skal alltaf vera sú sem fram kemur á fylgiskjali (kvittun). Skrifðu ávísanúmer neðst á fylgiskjalið. Skrifðu fjárhæð ávísunarinnar á svuntuna í ávísanaheftinu ásamt viðeigandi upplýsingum.
6. Settu fylgiskjölin í möppu (í ávísanaröð).
7. Leggðu alla innkomu inn í bankann óskerta. Ekki greiða reikninga af innkomu t.d. aðgangseyri, áður en lagt er inn.
8. Skrifðu á innborgunarkvittun skýringu hvaðan peningarnir koma, t.d. "aðgangseyrir á dansleik 17. júní".

Ef þessi boðorð eru í heiðri höfð má segja að gjaldkeri sé með sitt á hreinu, hvað vinnubrögð varðar. Ekki er sjálfgefið að gjaldkeri færi bókhaldið sjálfur og gangi frá ársreikningi. Það getur verið ágætt að fá til þess bókhaldsfróða menn eða endurskoðendur, það tryggir betra eftirlit. Það er líka aðgengilegt hverjum sem er að færa bókhaldið ef þessi átta boðorð eru virt, en ef svo er ekki getur það reynst þrautin þyngri.

### Afstemmingar

Gjaldkeri/bókhaldari á að stilla bankareikninga af einu sinni á ársfjórðungi minnst og handbært fé einu sinni á mánuði.

### Bókun færslna

Óleyfilegt er að leiðrétta færslur. Ef rangt er fært á að bakfæra fyrst röngu færsluna og slá síðan inn rétta færslu.

### Opinber ákvæði

Fylgja skal öllum opinberum ákvæðum um greiðslu skatta og atvinnurekendagjalda. Einnig ber að afhenda allar upplýsingar varðandi launagreiðslur sem farið er fram á.

## 2. Tekjur

### 2.1 Styrkir til og frá aðalstjórn

Styrkir til aðalstjórnar, sem hún úthlutar síðan áfram til deilda skulu bókaðir á eftirfarandi hátt.

#### AÐSTÖÐUSTYRKIR, TÍMAR Í HÚSUM EÐA VÖLLUM.

Því er oft þannig háttað að félögin eiga ekki aðstöðuna sjálf. Er þeim oft úthlutað tímum í viðkomandi aðstöðu. Sveitarfélög færa þetta sem styrk til viðkomandi íþróttafélags. Félaginu ber því að færa þetta í bókhald sitt. Ekki er óalgengt að aðalstjórnir félaga fái styrkinn frá sveitarfélaginu.

Dæmi um húsaleigustyrk frá bæjarfélagi.

Í bókhaldi aðalstjórnar bókast styrkurinn sem :

| <b>Færsla</b>                  | <b>Debet</b> | <b>Kredit</b> | <b>Reikningur</b>                  |
|--------------------------------|--------------|---------------|------------------------------------|
| Styrkur frá bæjarfélagi        |              | X             | 11510 Húsaleigust. frá bæjarfélagi |
| Styrkur til viðkomandi deildar | X            |               | 35300 Húsaleigustyrkur             |

Í bókhaldi deilda bókast styrkurinn sem :

| <b>Færsla</b>                 | <b>Debet</b> | <b>Kredit</b> | <b>Reikningur</b>                     |
|-------------------------------|--------------|---------------|---------------------------------------|
| Styrkur frá aðalstjórn        |              | X             | 11710 Húsaleigustyrkur frá aðalstjórn |
| Úthlutaðir tímar í húsi ..... | X            |               | 48100 Húsaleiga                       |

Dæmi um beina styrki, í þessu tilfelli ferðastyrk frá bæjarfélagi.

Í bókhaldi aðalstjórnar bókast styrkurinn sem :

| <b>Færsla</b>                  | <b>Debet</b> | <b>Kredit</b> | <b>Reikningur</b>                  |
|--------------------------------|--------------|---------------|------------------------------------|
| Styrkur frá bæjarfélagi        |              | X             | 11520 Ferðastyrkur frá bæjarfélagi |
| Styrkur frá bæjarfélagi        | X            |               | 88200 Banki                        |
| Styrkur til viðkomandi deildar | X            |               | 35400 Ferðastyrkur til deilda      |
| Styrkur til viðkomandi deildar |              | X             | 88200 Banki                        |

Í bókhaldi deilda bókast styrkurinn sem :

| <b>Færsla</b>          | <b>Debet</b> | <b>Kredit</b> | <b>Reikningur</b>                 |
|------------------------|--------------|---------------|-----------------------------------|
| Styrkur frá aðalstjórn |              | X             | 11720 Ferðastyrkur frá aðalstjórn |
| Styrkur frá aðalstjórn | X            |               | 88200 Banki                       |

Við uppgjör á sameiginlegu bókhaldi aðalstjórnar og deilda þarf að taka út lyklna

Styrkir frá aðalstjórn úr bókhaldi deilda (Tekjulykill í deildum)

Styrkir til viðkomandi deilda úr bókhaldi aðalstjórnar (Gjaldalykill hjá aðalstjórn)

## 2.2 Tekjur af samkeppnisrekstri (virðisauki)

Íþróttafélög eru virðisaukaskattskyld að því leyti sem þau selja vöru eða þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Skattskyldan tekur einnig til þess þegar einungis er selt félagsmönnum.

### Hvað er samkeppnisrekstur ?

Við mat á því sem fellur undir samkeppnisrekstur er litið á hvort tilgangur hafi verið að hagnast á starfseminni eða ekki.

Ef kostnaður sem fellur til vegna samkeppnisreksturs er hærri eða jafnhár tekjum, þarf **ekki** að greiða virðisaukaskatt af tekjum, en einnig fæst umfram innskattur ekki endurgreiddur, hér er ekki átt við einstök verkefni eða tímabil. Alltaf skal skila inn virðisaukaskýrslum ef félag stundar samkeppnisrekstur.

### Dæmi um samkeppnisrekstur :

Auglýsingasala

Veitingasala

Kökubasar

Flugeldasala

### **Hvað eru auglýsingar ?**

Greiðslur frá fyrirtækjum og stofnunum teljast vera greiðslur á auglýsingum ef eitthvað endurgjald kemur til af hendi íþróttafélagsins. Endurgjald getur verið verið í formi styrktarlínu eða hvers konar auglýsinga er birtast á búningum, skiltum eða öðrum stöðum.

### **2.3 Styrkir frá fyrirtækjum**

#### **Hvað er styrkur?**

Styrkur telst vera ef fyrirtæki eða stofnanir greiða félaginu pening en ekkert endurgjald kemur sem mótframlag félagsins.

Samkvæmt skattalögum hafa fyrirtæki heimild til að nýta sér til frádráttar allt að 0,5 % af skattskyldri veltu til styrktar ýmissar líknar og menningarstarfsemin, þ.m.t. starfsemi íþróttafélaga.

### **2.4 Sala leikmanna**

Sölu leikmanna ber að tekjufæra á því ári sem leikmaður er seldur. (sjá líka **3.3 Kaup leikmanna**)

## **3. Gjöld**

### **3.1 Launagreiðslur og verktakagreiðslur**

Alla almenna starfsmenn íþróttafélaga ber að ráða sem launþega.

Það er munur á því fyrir félög hvort þau ráði þjálfara/starfsfólk sem launþega eða verktaka. Skilgreining á verktöku er að aðili (verktaki) taki að sér að inna af hendi verk sem samið er um að unnið sé á umsömdum tíma og á tilskilinn hátt.. Verkið er unnið á ábyrgð verktaka og yfirleitt með hans verkfærum.

#### **LAUNÞEGAR**

Af launum launþega ber félaginu að halda eftir **staðgreiðslu skatta** og skila. Launþegar eru skyldugir til að greiða í **lífeyrissjóð** og er lágmarks iðgjald 10%. Félag heldur þá eftir 4 % af launum og skilar inn í lífeyrissjóð, svo og leggur fram 6% mótframlag, ath breytilegt eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags. Einnig ber félögum að slysatryggja starfsmenn sína. **Tryggingargjald** er greitt af launum (sjá neðar). Þjálfari getur ekki nýtt sér útlagðan kostnað sem frádrátt frá launum. Ef félag greiðir launþega **ökutækjastyrk** fyrir afnot af eigin bifreið og sannarlega er um að ræða akstur í þágu félagsins, þá má launþegi nýta kostnað við rekstur bifreiðarinnar til frádráttar styrknum á framtali sínu. Hámarks ökutækjastyrkur á hvern ekinn km er settur af ríkisskattstjóra og skilyrði er að færa akstursdagbók.

#### **DAGPENINGAR**

Félög geta greitt launþegum sínum dagpeninga vegna ferða. Launþegi getur nýtt sér heimild ríkisskattstjóra um frádrátt frá dagpeningum. Skilyrði fyrir slíkum frádrætti er að launagreiðandi haldi utan um í bókhaldi sínu tilefni ferðar, fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga/dagpeninga eða reikninga frá þriðja aðila og nafn og kennitölu þess er fékk dagpeningana. Verktakar geta ekki fengið greidda dagpeninga, þeir halda utan um útlagðan kostnað og færa til frádráttar í rekstraruppgjöri sínu.

#### **TYGGINGAGJALD**

Tryggingagjald ber öllum launagreiðendum að greiða. Stofn til tryggingagjalds er laun hverju nafni sem þau nefnast, hlunnindi, ökutækjastyrkur, dagpeningar sem fara fram úr heimild ríkisskattstjóra til frádráttar, mótframlag félagsins í lífeyrissjóð. Verktakar sjá sjálfir um að greiða tryggingagjald.

## **VERKTAKAR**

Verktakagreiðslur eru fyrir félaginu eins og hver annar reikningur. Skyldur félagsins eru ekki aðrar en að greiða viðkomandi reikning.

Samkvæmt skattalögum má verktaki draga allan sannanlegan kostnað við að afla teknanna frá skattskyldum tekjum. En þó eru reglur um hvað sé útlagður kostnaður ekki skýrar.

Verktaki fellur ekki undir reglur um dagpeninga eða ökutækjastyrk. Verktaki þarf sjálfur að standa skil á staðgreiðslu, tryggingargjaldi, lífeyrissjóð og slysa- og sjúkratryggingum. Þessir liðir eru inni í verktakagreiðslunni.

## **LAUNAMIÐAR**

Félög eiga að gera launamiða á alla launþega og verktaka, þ.m.t. starfsmenn, þjálfara og leikmenn. Á að koma fram á þeim allar greiðslur og hlunnindi er viðkomandi aðili hefur átt að fá frá félaginu. Hér er átt við það þó að félagið hafi ekki getað greitt umsamin laun ber að gefa þau upp, og eru þau þá færð til gjalda og skulda innan tímabilsins.

### **3.2 Áhöld, tæki og búningar**

Gjaldfæra á öll áhöld, tæki og búninga á kaupári, eingöngu er heimilt að eignfæra mannvirki og bifreiðar. Félögum ber að halda eignaskrá og leggja fram með ársreikningi.

### **3.3 Kaup leikmanna**

Kaup leikmanna á ekki að eignfæra þó að samningur sé gerður til lengri tíma en árs. Alla samninga ber að gjaldfæra. (sjá líka **2.4** Sala leikmanna)

### **3.4 Tekjuskattur**

Íþróttafélög eru undanþegin skattskyldu skv. lögum nr. 75/1981 um tekju- og eignaskatt.

### **3.5 Markaðsgjald**

Félög greiða markaðsgjald af allri samkeppnisstarfsemi. Er stofninn sami og félagið greiðir virðisaukaskatt af.

Markaðsgjald er í dag 0,015 %.

## **4. Eignir**

### **4.1 Veltufjármunir**

Bankareikningar

Mikilvægt er að gera afstemmingar á bankareikningum reglulega.

### **4.2 Eignfærsla á mannvirkjum**

Fasteignir skal eignfæra á fasteignamati og önnur mannvirki á kostnaðarverði.

Styrkir vegna mannvirkjagerðar á ekki að tekjufæra heldur skal færa styrkinn á eigið fé. Meiriháttar endurbætur annarra mannvirkja en fasteigna skal eignfæra en eðlilegt

viðhald gjaldfæra. (Viðhald þá er verið að halda eigninni í upprunalegu ástandi, endurbætur þá er verið að bæta við upprunalegu eign.)

Dæmi um þegar mannvirki er fært til eignar. Styrkur frá bæjarfélagi er 80%, framlag félags 20%. Kostnaðarverð er 100. milljónir, félagið greiðir sinn hlut.

| <b>Færsla</b>        | <b>Debet</b> | <b>Kredit</b> | <b>Reikningur</b>                      |
|----------------------|--------------|---------------|----------------------------------------|
| Kostnaðarverð eignar | 100 m        |               | 83100 Mannvirki                        |
| Styrkur              |              | 80 m          | 91500 Styrkir og framlög vegna framkv. |
| Framlag félags       |              | 20 m          | 88200 Bankareikningur                  |

ATH framlag félags getur einnig verið gjafir eða gjafavinna sem eru tekjufærðar eða útgefin skuldaviðurkenning sem er skuldfærð.

Ef mannvirkið er fasteign þá er hún færð við fasteignamat við uppgjör. Dæmi kostnaðarverð var 100. milljónir. en fasteignamat er 115. Milljónir, er mismunur færður á endurmatsreikning.

| <b>Færsla</b>                | <b>Debet</b> | <b>Kredit</b> | <b>Reikningur</b> |
|------------------------------|--------------|---------------|-------------------|
| Mismunur á kostnv. og fastm. | 15 m         |               | 83100 Mannvirki   |
| Mismunur á kostnv. og fastm. |              | 15 m          | 91200 Endurmat.   |

### 4.3 Bifreiðir

Eignfæra skal bifreiðir á kostnaðarverði. Ekki á að afskrifa þær né endurmeta. Við sölu eru þær færðar út úr reikningum félagsins.

## 5. SKULDIR

### 5.1 Bankalán

#### SKULDABRÉF

Við lántöku eru lán færð inn á eftirfarandi hátt.

| <b>Færsla</b>      | <b>Debet</b> | <b>Kredit</b> | <b>Reikningur</b>                |
|--------------------|--------------|---------------|----------------------------------|
| Heildarupphæð láns |              | X             | 93100 Skuldabréf                 |
| Lántökukostnað     | X            |               | 76300 Vaxtagjöld v. langtímalána |
| Fengin upphæð      | X            |               | 88200 Bankareikningur            |

Afborgun af láni

| <b>Færsla</b>             | <b>Debet</b> | <b>Kredit</b> | <b>Reikningur</b>                |
|---------------------------|--------------|---------------|----------------------------------|
| Afborgun og gr. verðbætur | X            |               | 93100 Skuldabréf                 |
| Vextir og innheimtukostn. | X            |               | 76300 Vaxtagjöld v. langtímalána |
| Greidd upphæð             |              | X             | 88200 Bankareikningur            |

Í árslok eru lán uppreiknuð, þannig að staðan á lykli 93100 sé í samræmi við stöðu lánsins.

| <b>Færsla</b>      | <b>Debet</b> | <b>Kredit</b> | <b>Reikningur</b>                |
|--------------------|--------------|---------------|----------------------------------|
| Áfallnar verðbætur | X            |               | 76300 Vaxtagjöld v. langtímalána |
| Áfallnar verðbætur |              | X             | 93100 Skuldabréf                 |



Í flestum tilfellum er debet á 76300 og kredit á 93100, þ.e. lánið hefur hækkað vegna verðbólgu.

#### **VÍXLAR**

Þegar víxill er framlengdur á að færa út eldri víxil og færa nýjan inn. Gott er að setja númer víxils í tilvísun svo og skrá gjalddaga